



Jón Bjarnason

Bjarni Benediktsson – Jón Bjarnason

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórshöfn, 26. Júlí, 1945.

Herra

borgarstjóri Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri vinur.

Jeg bið þig afsaka, að jeg skuli enn ónáða þig, með linum, — sem er af því, að jeg treysti þjer best af öllum sem jeg þekki, að hjálpa mjer i minum vandamálum, meðan á sölunni stendur á eignum okkar, sem jeg treysti að komist i gegn á næsta þingi, með þinni hjálp.

Hjeðinn Valdimarsson kom hjer um daginn, og hef jeg heyrnt að Guðmundur á Syðra- Lóni muni hafa leigt honum af okkar lóð, undir hráoliutanka. Jeg brá mjer því inn á Akureyri til að ráðgast við málafl.m. Björn Halldórsson, og förum við auðvitað i mál, ef við sjáum að hann gengur á okkar lóð.- Þvi miður fann jeg þig ekki þá, frjetti að þú hefðir verið þar um morguninn. Hefði mjer þó verið mikill styrkur að finna þig sem snöggvast.

Jóhann Tryggvason er nú hjer, og erum við sammála um að hætta i haust, og treystum alveg á söluna við Ríkisstjórnina. Jeg hef því hagað mjer með verzlunina eftir því, ekki pantað vörur sem jeg hefði gert, ef ^{jeg} hefði búist við að halda áfram, og selt ýmislegt sem jeg hefði ekki annars gert.

Við leigjum nú bát frá Færeyjum, -og 2. stórum bátum frá Austfjörðum, fleiri báðu okkur um pláss. Svo eru hjer bátar viðar að.

Þeir hafa fiskað vel, en vantar beitu i bili. Mörg sildarskip hjer fyrir utan nú.

No 2.

Guðmundur á Lóni eða Kaupfjél. má ekki fá okkar eignir, en mjer er ómögulegt að vera hjer áfram einum, því nú er Jóhann Benediktsson, farinn líka.

Bið þig afsaka þessar linur, en veit að þú skilur að jeg er talsvert spentur með söluna, sem riður mjer á svo miklu i framtíðinni.

Með kærri kveðju.

Þinn einl.

Jón Björnsson